

## FUNDARGERÐ

Árið 2018, þriðjudaginn 19. júní kl. 12:15, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík..

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni og Hrafnkeli Hjörleifssyni sem ritaði fundargerð.

Að auki sat fundinn Hulda Karen Daníelsdóttir, sérfræðingur frá Menntamálastofnun, undir lið 3, framlög vegna nýbúafræðslu.

Gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerð 18. maí 2018

Lögð var fram fundargerð frá 18. maí 2018 til umfjöllunar og afgreiðslu.

*Fundargerð frá 18. maí 2018 var samþykkt án athugasemda og undirrituð.*

### 2. Vefsvæði Jöfnunarsjóðs með myndrænni framsetningu gagna

Farið var yfir nýtt vefsvæði Jöfnunarsjóðs sem opnað var þann 25. maí 2018. Vefsvæðið veitir á gagnvirkan hátt aðgang að tölfraðiupplýsingum um framlög Sjóðsins og gerir notendum jafnframt kleift að hlaða niður tölulegum gögnum um framlögin. Á næstu mánuðum er stefnt á að auka við og dýpka þær upplýsingar sem finna má á vefsvæðinu.

*Nefndin lýsti yfir ánægju sinni með framtakið, enda mikilvægt að auðvelda skilning á framlögum sjóðsins.*

### Yfirfærsla grunnskólans

### 3. Framlög vegna nýbúafræðslu

Hulda Karen Daníelsdóttir, sérfræðingur hjá Menntamálastofnun, mætti á fund nefndarinnar til að ræða ýmis mál er snúa að framlagi Sjóðsins vegna nýbúafræðslu.

Rætt var um að kalla framlagið eftirleiðis framlag vegna íslensku sem annars tungumáls. Rætt var hvort tryggja mætti að fjármagn sé notað á samræmdan hátt milli sveitarfélaga og að allt fjármagn skili sér örugglega til málaflokksins. Hulda Karen kynnti verkefni sem Menntamálastofnun er að fara af stað með til eflingar íslenskukennslu í kennaranámi.

*Nefndarmenn voru sammála um að hlutverk Jöfnunarsjóðs væri að úthluta framlögum eftir þeim reglum sem honum hafa verið settar en ekki að meta hvernig staðið er að málum faglega. Ákveðið var að framlagið skyldi kallað framlag vegna íslensku sem annars tungumáls í stað framlags vegna nýbúafræðslu.*

#### 4. Sameining sveitarfélaga

##### **Sameining Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar.**

Lögð voru fram þrjú minnisblöð starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 15. og 18 júní 2018, vegna sameiningar Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar ásamt fylgigögnum.

Í fyrsta lagi er erindi frá samstarfsnefnd um sameiningu Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar þar sem óskað er eftir 1,3 m.kr. hærra framlagi v. kostnaðar við undirbúning og framkvæmd sameiningarinnar. Er þetta vegna þess að endanlegur kostnaður við verkefnið varð 1,3 m.kr. hærra en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Í öðru lagi eru útreikningar á skuldajöfnunarframlagi á grundvelli ársreikninga sveitarfélaganna árið 2017. Fyrri drög höfðu tekið mið af ársreikningum ársins 2016. Að teknu tilliti til þessara nýju útreikninga lækkar framlagið vegna skuldastöðu Breiðdalshrepps úr 24 m.kr. í 7 m.kr. en framlagið til Fjarðabyggðar helst óbreytt eða 450 m.kr.

Í þriðja lagi er tillaga sameinaðs sveitarfélags Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar á tilhögun greiðslna vegna sameiningarframlaga árin 2018-2022.

*Ráðgjafarnefndin fór yfir forsendur að baki útreikningum og samþykkti öll erindin, enda um óverulegar breytingar að ræða frá fyrri áætlunum.*

##### **Sameining Garðs og Sandgerðisbæjar**

Lögð var fram beiðni sveitarfélagsins Garðs og Sandgerðisbæjar, dags. 13 júní 2018, þar sem óskað er eftir að framkvæmd verði athugun á því hvort sveitarfélögin fá skuldajöfnunarframlög á grundvelli reglna nr. 295/2003 vegna sameiningar þeirra, ásamt þar að lútandi minnisblaði.

Fyrri útreikningar höfðu tekið mið af ársreikningum ársins 2016 en nú hafa verið framkvæmdir útreikningar byggðir á ársreikningum ársins 2017. Að teknu tilliti til þessara nýju útreikninga hækkar framlagið vegna skuldastöðu Sandgerðisbæjar úr 294 m.kr. í 300 m.kr. en Garður reiknast eftir sem áður ekki með framlag.

*Ráðgjafarnefndin fór yfir forsendur að baki útreikningunum og samþykkti.*

#### 5. Framlög vegna breytinga á álagningarstofni mannvirkja

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðu uppgjóri framlaga til jöfnunar á tekjutapi sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti á árinu 2018 samkvæmt reglugerð nr. 80/2001 með síðari breytingum. Áætlað uppgjör framlaganna tekur mið af endurskoðuðu fjármagni til ráðstöfunar á árinu að fjárhæð 4.744,7 m.kr.

Tillaga að áætluðu uppgjóri framlaganna á árinu 2018 byggist á upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands um álagningarstofna fasteignaskatts í sveitarfélögum 31. desember 2017 ásamt upplýsingum um álagningarprósentur og upplýsingum sveitarfélaga um afslætti til elli- og örorkulífeyrisþega, sem gilda fyrir árið 2018.

Á grundvelli ákvæða reglugerðar nr. 80/2001 með síðari breytingum nam fyrirframgreiðsla framlaganna til sveitarfélaganna, sem fram fór mánuðina febrúar til júní 2018, 60% af áætluðu framlagi ársins eða um 2.846,8 m.kr.

*Að teknu tilliti til fjármagns til ráðstöfunar að fjárhæð 4.744,7 m.kr. og fyrirframgreiðslu framlaga að fjárhæð 2.846,8 m.kr. samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu að áætluðu uppgjöri framlaganna á árinu 2018 að fjárhæð 1.897,89 m.kr. sem kemur til greiðslu með þremur jöfnum greiðslum mánuðina júlí, ágúst og september eða 632,63 m.kr. í hvert sinn.*

## 6. Fasteignasjóður

Lagðar voru fram, til umfjöllunar og afgreiðslu, umsóknir sveitarfélaga um framlög úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga ásamt þar að lútandi minniblöðum. Umsóknirnar og afgreiðsla þeirra var eftirfarandi:

### Umsóknir um framlög frá Seltjarnarnesbæ

Lagt var fram erindi frá **Seltjarnarnesbæ**, dags. 29. maí 2018, þar sem sótt er um framlag úr Fasteignasjóði á grundvelli **a. liðar** 2. gr. rgl. nr. 460/2018, vegna byggingar búsetukjarna fyrir 6 fatlaða einstaklinga.

Heildarstærð búsetukjarnans verður um 450 fermetrar, þar af verða íbúðirnar hver um sig 60 fm. Byggingin er sem stendur í skipulagsferli.

*Þar sem verkefnið er enn í skipulagsferli, og ekki liggur fyrir kostnaðaráætlun eða sú fjárhæð sem sótt er um eða afgreiðsla Íbúðalánasjóðs, sér nefndin sér ekki fært að taka erindið til efnislegrar umfjöllunar að svo stöddu. Var ákveðið að fela starfsmanni Jöfnunarsjóðs að afla frekari upplýsinga um málið.*

Lagt var fram erindi frá **Seltjarnarnesbæ**, dags. 29. maí 2018, þar sem sótt er um framlag úr Fasteignasjóði á grundvelli **c. liðar** 2. gr. rgl. nr. 460/2018, til stuðnings vegna nauðsynlegra endurbóta íbúðarhúsnæðis fatlaðs fólks að Sæbraut 2.

*Þar sem hvorki kostnaðaráætlun né sú fjárhæð sem sótt er um liggur fyrir, og þar sem rökstuðning skortir fyrir því að umrædd framkvæmd falli undir c. lið 2. gr. reglugerðar, sér nefndin sér ekki fært að taka erindið til efnislegrar umfjöllunar að svo stöddu. Var ákveðið að fela starfsmanni Jöfnunarsjóðs að afla frekari upplýsinga um málið.*

### Umsóknir um framlög frá Sveitarfélaginu Skagafirði

Lagt var fram erindi frá **Sveitarfélaginu Skagafirði**, dags. 8. júní 2018, þar sem sótt er um framlag úr Fasteignasjóði á grundvelli **b. liðar** 2. gr. rgl. 460/2018, vegna íþyngjandi leigusamninga við Landssamtökin Þroskahjálp frá 2009.

Umræddir leigusamningar teljast íþyngjandi út frá þeim viðmiðum sem Sjóðurinn notast við. Miðað við sömu reikningsaðferðir og áður hefur verið beitt við útreikninga á framlögum vegna íþyngjandi leigusamninga reiknast sveitarfélagið Skagafjörður með framlag að fjárhæð 6,1 m.kr. árið 2018.

*Nefndin samþykkti umsóknina og útreiknað framlag. Þá skyldi einnig skoða að leiðrétta lengra aftur í tímann útfra sanngirnissjónarmiðum.*

Lagt var fram erindi frá **Sveitarfélaginu Skagafirði**, dags. 8. júní 2018, þar sem sótt er um framlag úr Fasteignasjóði á grundvelli **d. liðar** 2. gr. rgl. 460/2018, vegna uppbyggingar hæfingar í húsnæði sveitarfélagsins við Sæmundarhlíð á Sauðárkróki.

Áætlaður heildarkostnaður endurbóta á húsnæðinu er 75.2 m.kr., eða um 315 þús.kr. á fermeter. M.v. 25% kostnaðarþátttöku Fasteignasjóðs er um 18,8 m.kr. framlag að ræða.

*Nefndin samþykkti umsóknina og áðurnefnda kostnaðarþátttöku Fasteignasjóðs en felur jafnframt starfsmanni Jöfnunarsjóðs að fylgjast með framgangi verkefnis og að það sé í samræmi við þær kröfur sem d. liður 2 gr. rgl. 460/2018 setur.*

#### **Umsóknir frá Sveitarfélaginu Snæfellsbæ**

Lagt var fram erindi frá **Sveitarfélaginu Snæfellsbæ**, dags. 30. maí 2018, þar sem sótt er um framlag úr Fasteignasjóði á grundvelli **b. liðar** 2. gr. rgl. 460/2018, vegna íþyngjandi leigusamninga vegna Ásbyrgis.

Fram kemur að ársleiga vegna 2018 er 4.860.000 kr., eða 1.500 kr./fermeter. 1.800 kr./fm er það viðmið sem notast hefur verið við í samskonar málum og hefur leiga talist íþyngjandi sé hún yfir þessu viðmiði.

*Þar sem fermetraverð er undir áðurnefndu viðmiði sá nefndin sér ekki færst að samþykkja umsóknina.*

Lagt var fram erindi frá **Sveitarfélaginu Snæfellsbæ**, dags. 30. maí 2018, þar sem sótt er um framlag úr Fasteignasjóði á grundvelli **d. liðar** 2. gr. rgl. 460/2018, vegna kaupa og endurbóta húsnæðis að Ólafsbraut 19 í Ólafsvík undir hæfingarstöð.

Kostnaður vegna kaupa og endurbóta nemur samtals 28,3 m.kr. M.v. 25% kostnaðarþátttöku Fasteignasjóðs er um 7,075 m.kr. framlag að ræða.

*Nefndin samþykkti umsóknina og áðurnefnda kostnaðarþátttöku Fasteignasjóðs en felur jafnframt starfsmanni Jöfnunarsjóðs að fylgjast með framgangi verkefnis og að það sé í samræmi við þær kröfur sem d. liður 2 gr. rgl. 460/2018 setur.*

#### **Umsókn frá Akureyrarkaupstað**

Lagt var fram erindi frá **Akureyrarkaupstað**, dags. 30. maí 2018, þar sem sótt er um framlag úr Fasteignasjóði á grundvelli **c. liðar** 2. gr. rgl. 460/2018, vegna kaupa húsnæði fyrir foreldra fatlaðs barns.

Sótt er um framlag að fjárhæð 20 m.kr. og segir í umsókn að upphæðin sé viðbótarkostnaður fjölskyldunnar vegna nýs og hentugra húsnæðis.

*Í umfjöllun nefndarinnar um umsóknina voru gerðar athugasemdir við að ekki var nákvæmlega útlitað hvernig þessar 20 m.kr. eru tilkomnar og að skortur væri á nánara kostnaðarniðurbroti. Vegna þessa sá nefndin sér ekki fært að taka erindið til efnislegrar umfjöllunar að svo stöddu. Var ákveðið að fela starfsmanni Jöfnunarsjóðs að afla frekari upplýsinga um málið.*

#### **Umsóknir frá Hafnarfjarðarkaupstað**

Lagt var fram erindi frá **Hafnarfjarðarkaupstað**, dags. 8. júní 2018, þar sem sótt er um framlag úr Fasteignasjóði á grundvelli **d. liðar** 2. gr. rgl. 460/2018, vegna kaupa og endurbóta á húsnæði að Suðurgötu 14 undir hæfingarstöð.

Kostnaður vegna kaupa og endurbóta nemur samtals 90 m.kr. M.v. 25% kostnaðarþátttöku Fasteignasjóðs er um 22,5 m.kr. framlag að ræða.

*Nefndin samþykkti umsóknina og áðurnefnda kostnaðarþátttöku Fasteignasjóðs en felur jafnframt starfsmanni Jöfnunarsjóðs að fylgjast með framgangi verkefnis og að það sé í samræmi við þær kröfur sem d. liður 2 gr. rgl. 460/2018 setur.*

Lagt var fram erindi frá **Hafnarfjarðarkaupstað**, dags. 8. júní 2018, þar sem sótt er um framlag úr Fasteignasjóði á grundvelli 2. gr. rgl. 460/2018, vegna kaupa og endurbóta á húsnæði vegna dagþjónustu fyrir geðfatlað fólk að Suðurgötu 41.

Samkvæmt erindi er áætlaður heildarkostnaður vegna verkefnis um 50 m.kr.

*Í umfjöllun nefndarinnar um umsóknina voru gerðar athugasemdir við að ekki var gerð nánari grein fyrir kostnaði vegna verkefnis. Þá var óskað frekari rökstuðnings varðandi hvernig styrkbeiðnin fellur að reglugerð nr. 460/2018, þar með talið á grunni hvaða töluliðs 2. gr. reglugerðarinnar sótt er um. Vegna þessa sá nefndin sér ekki fært að taka erindið til efnislegrar umfjöllunar að svo stöddu. Var ákveðið að fela starfsmanni Jöfnunarsjóðs að afla frekari upplýsinga um málið.*

Lagt var fram erindi frá **Hafnarfjarðarkaupstað**, dags. 8. júní 2018, þar sem sótt er um framlag úr Fasteignasjóði á grundvelli 2. gr. rgl. 460/2018, vegna kaupa og endurbóta á húsnæði fyrir dagþjónustu við fatlaða nemendur á grunn- og framhaldsskólaaldri að Suðurgötu 14.

Ekki verður séð hver áætlaður heildarkostnaður verkefnis er út frá áðurnefndu erindi.

*Í umfjöllun nefndarinnar um umsóknina voru gerðar athugasemdir við að ekki var gerð nánari grein fyrir kostnaði vegna verkefnis. Þá var óskað frekari rökstuðnings varðandi hvernig styrkbeiðnin fellur að reglugerð nr. 460/2018, þar með talið á grunni hvaða töluliðs 2. gr. reglugerðarinnar sótt er um. Var ákveðið að fela starfsmanni Jöfnunarsjóðs að afla frekari upplýsinga um málið.*

#### **Umsókn frá Skálatúni**

Lagt var fram erindi frá **Skálatúni**, dags. 31. maí 2018, þar sem sótt er um framlag úr Fasteignasjóði á grundvelli 2. gr. rgl. 460/2018, vegna nauðsynlegs viðhalds og endurbóta á húsnæði.

Áætlaður samanlagður kostnaður vegna þessa er 135,1 m.kr.

*Nefndin taldi vanta frekari rökstuðning varðandi hvernig styrkbeiðnin fellur að reglugerð nr. 460/2018, þar með talið á grunni hvaða töluliðs 2. gr. reglugerðarinnar sótt er um. Vegna þessa sá nefndin sér ekki fært að taka erindið til efnislegrar umfjöllunar að svo stöddu. Var ákveðið að fela starfsmanni Jöfnunarsjóðs að afla frekari upplýsinga um málið.*

#### **Umsókn frá Félags- og skólaþjónustu Austur Húnavatnssýslu**

Lagt var fram erindi frá **Félags- og skólaþjónustu A-Hún**, dags. 5. júní 2018, þar sem sótt er um framlag úr Fasteignasjóði á grundvelli **c. liðar 2. gr. rgl. 460/2018**, vegna endurbóta á eldra íbúðarhúsnæðis fatlaðs fólks að Skúlabraut 22, Blönduósi.

Húsnæðið sem um ræðir er frá 1994 og er herbergjasambýli fyrir fimm íbúa. Framkvæmda-kostnaður er áætlaður 6,6 m.kr. og er til komin vegna endurbóta á baðherbergjum annars vegar og byggingu sólpalls hins vegar.

*Nefndin taldi vanta frekari rökstuðning varðandi það að styrkbeiðnin falli undir c. lið 2. gr. rgl. nr. 460/2018. Vegna þessa sá nefndin sér ekki fært að taka erindið til efnislegrar umfjöllunar að svo stöddu. Var ákveðið að fela starfsmanni Jöfnunarsjóðs að afla frekari upplýsinga um málið.*

#### **Umsókn frá Reykjavíkurborg**

Lagt var fram erindi frá **Reykjavíkurborg**, dags. 24. maí 2018, þar sem sótt er um framlag úr Fasteignasjóði á grundvelli **c. liðar 2. gr. rgl. 460/2018**, vegna endurbóta á sértækum húsnæðis-úrræðum fatlaðs fólks í Reykjavík í ljósi breyttra aðstæðna íbúa og aukinnar þekkingar á áhrifum húsnæðis á líðan mikið fatlaðs fólks.

Sótt er um framlag að fjárhæð 20 m.kr. Segir í erindi að skv. forgangsöröðun velferðarsviðs verður hafist handa við endurbætur á íbúðakjarnanum að Kleppsvegi 90 en þar á eftir koma íbúðakjarnarnir að Vallengi, Byggðarenda og Jöklaseli.

*Í umfjöllun nefndarinnar um umsóknina voru gerðar athugasemdir við að ekki var gerð nánari grein fyrir kostnaði vegna verkefnis. Nefndin taldi einnig vanta frekari rökstuðning varðandi það að styrkbeiðnin falli undir c. lið 2. gr. rgl. nr. 460/2018. Vegna þessa sá nefndin sér ekki fært að taka erindið til efnislegrar umfjöllunar að svo stöddu. Var ákveðið að fela starfsmanni Jöfnunarsjóðs að afla frekari upplýsinga um málið.*

#### **7. Lýðháskólinn á Flateyri**

Lagt var fram erindi frá Ísafjarðarbæ, dags. 30. maí 2018, ásamt áfangaskýrslu um framvindu verkefnis. Í erindinu er óskað eftir greiðslu á 70% af þeim styrk sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur áður ákveðið að úthluta vegna verkefnissins, eða 7 m.kr.

*Ráðgjafarnefndin samþykkti útgreiðslu umbedinnar fjárhæðar.*

**8. Önnur mál**

Guðný Sverrisdóttur, formaður ráðgjafarnefndar, upplýsti nefndarmenn um að hún hefði samþykkt að taka tímabundið sæti sem sveitarstjóri á Tálknafirði til 20. ágúst næstkomandi. Eftir að hafa ráðfært sig við starfsmenn Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, hefur hún ákveðið að óska lausnar frá formennsku ráðgjafarnefndar á meðan hún gegnir stöðu sveitarstjóra. Verði hún enn sveitarstjóri þegar ráðgjafarnefndin hittist næst tekur varaformaður nefndarinnar hennar sæti á þeim fundi.

**Næsti fundur**

Ákveðið var að stefna á næsta fund ráðgjafarnefndar föstudaginn 24. ágúst kl. 12:15.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið 15:00.

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ásgerður Gylfadóttir

---

Birgir Björn Sigurjónsson

---

Bjarni Jónsson

---

Karen E. Halldórsdóttir

---

Sigríður Huld Jónsdóttir

---

Valdimar O. Hermannsson